

Héraðsfundur Austurlandsprófastsdæmis

Kirkjumiðstöðinni á Eiðum 11.apríl 2021 kl. 11-17

Vinsamlegast fyllið inn í eftir því sem við á í stuttu máli.

Starfssemi í: Skeggjastaðasókn

Hefðbundið helgihald(Eitthvað sérstakt sem ástæða er til að taka fram): Gott væri að fá fram hvernig helgihald og safnaðarstarf gekk með tilliti til heimsfaraldurs og sóttvarnartakmarkanna, líka það sem ekki gekk (Það eru gagnlegar upplýsingar fyrir okkur)

Ekkert hefðbundið helgihald var í Skeggjastaðasókn árið 2020 vegna covid-19 faraldurs. Tvær rafrænar helgistundir voru sendar út á netinu og horfðu samtals 4700 manns á þær. Líklegt þykir að rafrænar helgistundir séu komnar til að vera árlega í Skeggjastaðasókn, enda á kirkjan fjölmörg gömul sóknarbörn um allt land sem voru afar þakklát fyrir stundirnar.

Kórastarf:

Ekkert kórastarf er í Skeggjastaðasókn en kór Vopnafjarðar- og Hofskirkju hefur sungið við athafnir þar.

Barna- og æskulýðsstarf:

Ekkert barnastarf var í Skeggjastaðasókn á árinu 2020

Starfsfólk í kirkjustarfi:

Annað, en hefðbundið helgihald(s.s. Biblíulestrar, tólf spora starf):

Ekkert slíkt starf var á árinu 2020 í sókninni

Sérstakir kirkjulegir viðburðir(utan hefðbundinnar þjónustu, s.s. kirkjuafmæli, vísitasíur eða annað):

Ekkert slíkt

Viðhald á kirkjuhúsi/safnaðarheimili(sérstakar framkvæmdir utan hefðbundins reksturs):

Kaup á nýjum munum eða gjafir til helgihalds (s.s vegna streymis):

Kirkjugarður/ar(framkvæmdir, aðrar en venjubundin hirðing):

Á Skeggjastöðum fara nú fram fornleifarannsóknir, en þar eru nú þegar þekkt yfir 60 svæði sem Fornleifastofnun Íslands og sóknarnefnd Skeggjastaða hafa hug á að kanna nánar. Við jarðvinnu til drenlagnar með íbúðarhúsinu á Skeggjastöðum árið 2004 komu í ljós mannabein sem bentu til þess að þar væri að finna grafreit úr kristni sem engar heimildir eru til um. Tvö beinasýni voru send til AMS Dating Center í háskólanum í Árósum og bárust niðurstöður í ársbyrjun 2005. Við rannsókn þessara beina kom í ljós að annað sýnið er frá því um 1003 og hitt sýnið frá 1074. Þessi forni grafreitur gæti því verið allt frá landsnámi, eða frá því að landsnámsmaðurinn Hróðgeir hvíti nam þar lands skv. Landnámu. Fornleifastofnun Íslands hefur hafið undirbúning að uppgreftri til að kanna þennan forna grafreit nánar. Þar gætu komið í ljós upplýsingar um Kristni frá því um landnám sem gætu veitt nýja innsýn í kristnitökuna á Íslandi. Biskup Íslands hefur gefið leyfi fyrir því að sóknarnefnd sækji um styrki til þess að halda þessari vinnu áfram.

Sóknarnefnd:

Nafn

Halldór Njálsson
Rósa Magnúsdóttir
Árni Bragi Njálsson

Heimilisfang

Sími

864-9532
8692932
861-1883

Netfang

hld@simnet.is
rosamag@simnet.is